

Smitvarnir og öryggisráðstafanir vegna COVID-19

Afleysingafólk í landbúnaði

Mikilvægt er fyrir afleysingafólk að gæta að smitvörnum og öryggisráðstöfunum þegar komið er inn á bú eða starfsstöð. Hafa þarf í huga að smitefni getur verið á helstu snertiflötum og því mikilvægt að viðhafa fyllstu varúðarráðstafanir.

Ekki hefur verið staðfest að menn geti smitað dýr en þó er mikilvægt að fylgja ítrustu hreinlætiskröfum þegar dýr í matvælaframleiðslu eru meðhöndluð.

Góður undirbúningur er mikilvægur til þess að vel takist til og til að forðast mögulegt smit. Lestu vel ráðleggingar og vertu búinn að taka til allan nauðsynlegan sóttreinsibúnað, tæki eða búnað sem þú gætir þurft að taka með þér.

Matvælastofnun hefur tekið saman leiðbeiningar vegna Covid-19 sem gott getur verið að skoða: Covid-19 og dýr: <https://www.mast.is/is/um-mast/frettir/frettir/covid-19-veiran-og-dyr-1>
Covid-19 og matvæli: <https://www.mast.is/is/um-mast/frettir/frettir/covid-19-og-matvaeli>

Ráðleggingar RML um smitvarnir og öryggisráðstafanir fyrir bændur og frumframleiðendur má svo finna hér:

https://www.rml.is/static/files/vidbragdsael_2020/smitvarnir_baendur_og_frumframleidendur_2402020.pdf

Áður en haldið er af stað

- ✓ Taktu stöðuna á eigin heilsufari. Ekki taka að þér afleysingu ef þú ert í viðkvæmum hópi, í sóttkví, hefur grun um að þú gætir verið smitaður eða sýnir einhver einkenni.
- ✓ Ræddu við viðkomandi bónda, ef heilsa hans leyfir, í gegnum síma eða fjarfundabúnað. Fáðu upplýsingar um viðbragðsáætlun búsins og atriði sem skipta máli fyrir þitt vinnuöryggi.
- ✓ Ræddu við bóndann um á hvaða snertiflötum eða búnaði smitefni gætu leynst. Settu upp þrifaáætlun sem lýsir því hvaða snertifletir og búnaður verða hreinsaðir, hvaða hreinsiefni verða notuð og hvernig forgangsröðun á þrifunum verður háttáð.
- ✓ Til að tryggja árangursríkan handþvott skaltu taka af þér alla skartgrip og klippa neglur stutt.

- ✓ Taktu saman nauðsynlegan sóttgreinsibúnað; Einnota hanska, handspritt, handsápu, einnota svuntur og plastpoka fyrir sorp. Hafðu í huga að mögulega gæti smitefni leynst á sprittbrúsum eða sápuskömmturum á staðnum. Ekki fara með sóttgreinsibúnað á milli bæjar.
- ✓ Taktu saman nauðsynlegan búnað og efni til þrifa eða gakktu úr skugga um að aðgengi að þeim sé þannig á viðkomandi búi að komast megi að þeim án fyrirhafnar, eða án þess að snerta fleti sem smitefni getur verið á.
- ✓ Sápuþvo skal skófatnað/stígvél, láta þorna og þurrka yfir með sóttgreinsivökva áður en farið er í þeim í gripahús eða á vinnslusvæði.

Þegar á staðinn er komið

Nauðsynlegur hlífðarbúnaður: Einnota hanskar, einnota svuntur/gallar eða vinnugalli sem hægt er að þvo.

- ✓ Fyrst og fremst skaltu hugsa um eigið öryggi, bæði með tilliti til sýkingavarna og vinnuöryggis.
- ✓ Með öllu er óheimilt að fara inn í íbúðarhúsnæði, sérstaklega ef um er að ræða staðfesta sýkingu.
- ✓ Settu upp einnota hanska og einnota svuntu/hlífðarbúnað og grímu (sé hún til) áður en gengið er inn í gripahús eða á vinnslusvæðið.
- ✓ Ef ekki er hægt að nálgast einnota hlífðarfatnað er hægt að nota vinnugalla.
- ✓ Þegar komið er inn á svæðið skal spritta hanskana.
- ✓ Byrja skal á því að þrifa handþvottaðstöðu, sé hún til staðar og skipta út sápu og handspritti. Að þessu loknu getur verið gott að skipta um hanska.
- ✓ Endurtaktu þriffin á handlauginni eftir fyrsta handþvott.
- ✓ Þegar skipt er um hanska, skaltu þvo hendur vandlega áður en þú setur á þig nýja.
- ✓ Lofræstu, eins og hægt er, gripahúsið eða vinnslusvæðið.
- ✓ Fylgdu því þrifaplani sem sett var upp áður en lagt var að stað. Hugaðu líka að snertiflötum og búnaði sem gæti hafa gleymst við gerð þrifaáætlunarinnar.

Þrifaleiðbeiningar

Nauðsynlegur búnaður til þrifa: Sápa, einnota bréfpurrkur, tuskur (gólf- og borðtuskur), sóttþreinsiefni, plastpokar, (dreifiúðari) ásamt hlífðarfatnaði og einnota hönskum.

- ✓ Þrifíð búnað og snertifleti sem líklegir eru til þess að bera smitefni. Styðjist við fyrirfram ákveðna þrifaáætlun, sé þess kostur. Einnig skal þrifa aðra fleti og búnað sem líklegir eru til þess að bera smitefni.
- ✓ Við þrifin og dreifingu sóttþreinsiefnis skal ávallt byrja efst og halda áfram niður á við.
- ✓ Hafid tiltækan poka fyrir bréfpurrkur sem notaðar eru við hreinsun og poka fyrir óhreinir tuskur.
- ✓ Pokar með óhreinum bréfpurrkum sem notaðar eru við þrifin mega fara í almennt sorp. Tuskur sem notaðar eru í þrifunum skal setja í plastpoka og beint í almennan þvott.
- ✓ Við þrifin má ekki nota háþrýstidælur eða þrýstiloft þar sem það getur dreift smitefnum, bæði í andrúmsloft og á aðra snertifleti.
- ✓ Fyrst er þvegið með sápu og síðan með sóttþreinsiefni (t.d. 1% Virkon). Fylgið leiðbeiningum framleiðenda um styrkleika og snertitíma.
- ✓ Sápu er dreift með bréfpurrkum eða dreifibrúsa/úðara. Þegar svæðið hefur verið þakið með sápu eru nýjar bréfpurrkur notaðar til þess að þurrka hann upp. Síðan er svæðið aftur þakið í nýjum pappírspurrkum sem bleytt er í með klórblöndu. Pappírspurrkurnar eru settar í plastpoka, sem fara með almennu sorpi. Að lokum er svæðið skolað með volgu vatni og þurrkað að því búnu. Við þurrkunina má nota tuskur, sem fara í annan poka, og fara síðan í almennan þvott.
- ✓ Þegar farið er á milli svæða, eða búnaðar skal ávallt nota nýjar bréfpurrkur og hreinar tuskur.
- ✓ Næst er þurrkað yfir með sóttþreinsiefni, annað hvort með bréfpurrkum eða tuskum, samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.
- ✓ Ef þrifa þarf salerni skal sama þrifaáðferð notuð, en huga þarf sérstaklega vel að handlaug og meðfylgjandi búnaði, ljósarofa, hurðarhúnum, læsingarbúnaði, salernissetunni og umhverfi hennar.
- ✓ Að þrifum loknum skal fara úr hlífðarbúnaði og setja í plastpoka, sem fer í almennt rusl, vinnugalla skal setja beint í þvottavél, ef mögulegt er, annars í plastpoka þangað til hægt er að þvo hann.

- ✓ Gæta skal fyllstu varúðar þegar skóbúnaður og stígvél eru þvegin. Notið einnota hanska, sápuþvoið, látið þorna og þurrkið svo yfir með sótthreinsivökva.
- ✓ Tuskur og hlífðarfatnað skal þvo við 60-90°C, gott er að láta vélina keyra hreinsiprógramm eftir að þvotti lýkur.
- ✓ Mikilvægt er að allur sóttmengaður úrgangur fari beint í sorpgáma á viðkomandi búi, ekki fara með úrgang á milli bæja eða svæða. Ef þvottavél er á staðnum (þ.e. ekki í heimahúsi) skal þvo allan þvott í henni.
- ✓ Forðast skal að meindýr komist í úrganginn eða sorpgeymslur/gáma.

Ráðunautar RML veita frekari ráðleggingar um framkvæmd smitvarna, í síma 516-5000 eða í gegnum netfangið rml@rml.is.

BÓA